

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133 frá 15. júlí 1971 fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 23. flokki bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 73 frá 22. maí 1965 og breytingu á þeim lögum sbr. lög nr. 32 frá 7. apríl 1971, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Fyrir orðin í 1. málsgrein 1. greinar reglugerðarinnar „má ekki fara fram úr 15 milljónum króna“ komi: má ekki fara fram úr 30 milljónum króna.

2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra, enda sanni lántaki, að fyrir liggi loforð banka eða sparisjóðs um kaup á bréfunum. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965, sbr. lög nr. 32/1971, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. maí 1972.

Lúðvík Jósepsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

Nr. 122.

23. maí 1972.

AUGLÝSING

um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara 25. júní 1972, rann út laugardaginn 20. þ. m.

Í kjöri til forsetaembættisins er dr. Kristján Eldjárn, núverandi forseti Íslands.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, sbr. lög nr. 39 26. apríl 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.